



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

22. maí 2019 – Pistill nr. 55



Á mánudaginn var skrifað undir samning við verktakann Húsheild um stækkun leikskólans Yls. Framkvæmdir munu hefjast fljótlega og ljúka í haust. Í fremri röð eru Helgi Héðinsson oddviti, Ólafur Ragnarsson framkvæmdastjóri Húsheildar og Þorsteinn sveitarstjóri. Í aftari röð eru Yngvi Ragnar Kristjánsson byggingafræðingur sem mun sinna verkefirliti, Guðjón Vesteinsson skipulagsfulltrúi, Alma Dröfn Benediktsdóttir formaður skóla- og félagsmálanefndar og Knútur Emil Jónasson hjá Faglausn sem sá um hönnun.

174,5 milljón króna rekstrarafgangur

Ársreikningur Skútustaðahrepps og stofnana hans fyrir árið 2018 var samþykktur á fundi sveitarstjórnar í gær þegar hann var tekinn til síðari umræðu.

Vísað er til yfirferðar endurskoðenda við fyrri umræðu þann 8. maí síðastliðinn. Engar breytingar urðu á ársreikningnum frá fyrri umræðu.

Endurskoðendur Skútustaðahrepps hafa áritað ársreikninginn með fyrirvaralausri áritun.

Rekstrarniðurstaða í samanteknum reikningsskilum A og B hluta Skútustaðahrepps er 174,5 milljónir króna í afgang en áætlun gerði ráð fyrir 64,2 milljónum króna í rekstrarafgang.

Rekstrarniðurstaða A-hluta er að fjárhæð 186,4

milljónir króna. Áætlun gerði ráð fyrir 55,1 milljón króna í rekstrarafgang.

Helstu frávik í rekstri samantekinna reikningsskila A og B hluta eru að útsvar og fasteignaskattur eru 6,0 milljónum króna hærri en áætlun gerði ráð fyrir, framlög Jöfnunarsjóðs eru 1,9 milljónum króna hærri en áætlun, aðrar tekjur eru 12,6 milljónum króna lægri en áætlun, laun og launatengd gjöld eru 38,4 milljónum króna hærri en áætlun, annar rekstrarkostnaður er 42,5 milljónum króna hærri en áætlun gerði ráð fyrir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru 198,4 milljónum króna hagstæðari en áætlun gerði ráð fyrir. Afskriftir eru 3,1 milljón króna hærri en áætlað var.

Heildareignir í samanteknum reikningsskilum A og B hluta eru 804,3 milljónir króna. Heildarskuldir og skuldbindingar eru 199,3 milljónir króna.

Lífeyrisskuldbinding hækkar frá árinu 2017 og nemur 79,9 milljónum króna og þar af er áætluð næsta árs greiðsla 1,7 milljón króna. Sveitarfélagið greiddi upp langtímaskuldir við fjármálastofnanir að fullu á síðasta ári. Skuldahlutfall A- og B-hluta skv. 2. tl. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nemur 37,4% af reglulegum tekjum. Eigið fé í samanteknum reikningsskilum er 605 milljónir króna og er eiginfjárhluftfall 75,2%.

Rekstur í samanteknum reikningsskilum A og B hluta skilaði 22,2 milljónum króna í veltufé frá rekstri sem er 4,2% af heildartekjum en áætlun gerði ráð fyrir veltufé frá rekstri að fjárhæð 101,5 milljón króna.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum í samanteknum reikningsskilum A og B hluta nam á

árinu 2018 124,9 milljónum króna en áætlun gerði ráð fyrir 114,9 milljónum króna. Handbært fé í árslok 2018 var 142,6 milljónir króna.

Sveitarstjórn staðfesti ársreikninginn samhljóða með undirritun sinni. Ábyrgðar- og skuldbindingayfirlit var staðfest og undirritað. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra var falið að senda ársreikninginn til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.



Í vikunni var farið í vettvangsferð með áhugasama verktaka á Hólásand þar sem fyrirhugaður safntankur fyrir svartvatn verður byggður í sumar. Tankurinn er að mestu niðurgrafinn og alfarið steinsteyptur. Tilboð í byggingu tanksins verða opnuð næsta föstudag.

Framkvæmdaleyfi gefið út fyrir Kröflulínu 3

Sveitarstjórn hefur samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir Kröflulínu 3 sem á að liggja frá Kröfluvirkjun austur í Fljótsdalsstöð, um 122 kílómetra leið. Undirbúningur hefur staðið yfir í nokkur ár, umhverfismati lauk 2017 og hafa náðst samningar við landeigendur.

Skipulagsnefnd telur að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023, sbr. m.a. breytingu vegna Kröflulínu 3 sem staðfest var af Skipulagsstofnun 6. maí 2019. Þá er framkvæmdin í samræmi við deiliskipulagið Stækkun Kröfluvirkjunar, staðfest 14.11.2013, sbr. breytingu samþykkt í sveitarstjórn dags. 27. mars 2019, auglýstri í B-deild stjórnartíðinda, dags. 14.05.2019. Hluti framkvæmdar er innan þess svæðis.

Bensíndælur verði færðar

Sveitarstjórn samþykkti á fundum sínum 27. mars s.l. tillögu skipulagsnefndar að skipulögð yrði ný lóð

fyrir bensínafgreiðslu í Reykjahlíð. Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum í gær tillögu skipulagsnefndar að gera breytingu á deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar. Þar verður stofnuð ný lóð að Sniðilsvegi 3 fyrir eldsneytissölu en markmiðið er að bensíndælan við vatnsbakkann við búðina fari þaðan þegar rekstrarleyfi renna út.

Framkvæmdaleyfi gefið út fyrir göngu- og hjólastíg

Sveitarstjórn hefur samþykkt að skipulagsfulltrúi gefi út framkvæmdaleyfi fyrir göngu- og hjólastíg frá Reykjahlíð og suður fyrir Voga. Fyrsti áfangi stígsins er um þriggja km langur og mun liggja meðfram vegi nr. 848 að mestu en meðfram Þjóðvegi 1 að hluta. Fyrirhugaður stígur verður að mestu lagður í núverandi lagnaleið.

Skólarnir vel mannaðir – Vantar deildarstjóra á leikskólann

Á fundi skóla- og félagsmálanefndar fóru leikskólustjóri og skólustjóri yfir starfsmannamál fyrir næsta skólaár og líta þau betur út en á horfðist um tíma. Á leikskólanum er vonast til að ráðið verði í tvær nýjar stöður á næstunni. Auk þess vantar að ráða í stöðu deildarstjóra í eitt ár vegna námsleyfis og er búið að auglýsa.

Næsta starfsár verða börnin í leikskólanum 28 talsins. Í árgangi 2014 verða 6 börn á Blásteini, í árgöngum 2015 og 2016 verða 14 börn á Mánadeild og í árgöngum 2017 og 2018 verða 8 börn á Stjörnudeild. Kennarar í leikskólanum hafa rétt á þremur skipulagsdögum og einum starfsdegi á ári. Leikskólinn er þá lokaður. Þeir verða dagana 12. sept. 18. okt. og 2. mars, einn skipulagsdag vantar inn en látið verður vita af honum með minnst mánaðar fyrirvara. Einnig er leikskólinn með fimm fjögurra klst. starfsmannafundi næsta skólaár og þá lokar leikskólinn kl. 12:30. Þessir dagar verða notaðir til fræðslu og til að undirbúa skólafárið. Dagarnir eru 23. ágúst, 20. nóv., 13. jan., 6. apríl og 25. maí.

Í Reykjahlíðarskóla hefur gengið vel að ráða starfsfólk og því lítur næsti vetur vel út.



Vortónleikar tónlistarskólans fóru fram í síðustu viku. Allir nemendur skólans komu fram og stóðu sig með mikilli þrýði undir stjórn kennara síns, Ilonu Laido. Nemendur hafa tekið miklum framförum í vetur sem ber tónlistarkennslummi gott vitni. Myndin var tekin af okkar öfluga tónlistarfólki eftir tónleikana.

Hlaupaveisla um helgina

Sannkölluð hlaupaveisla verður um helgina en þá verða bæði Hraunhlaupið og svo Mývatnsmarabon. Næsta föstudag verður utanvegahlaup haldið í annað sinn í Mývatnssveit, frá Dimmuborgum að Jarðböðunum. Hlaupið er 9,4 km langt í gegnum einstaka náttúru Dimmuborga, hraunið, Hverfjallssandinn og endar svo við Jarðböðin við Mývatn.

Mývatnsmarabon verður haldið á laugardaginn og að venju er hlaupið í kringum vatnið. Hlaupið í ár verður með sama fyrirkomulagi og þau síðustu þ.e. ræst og endað við Jarðböðin við Mývatn. Mývatnsmarabonið er frábær upplifun þar sem náttúran spilar stórt hlutverk!

Þátttakendur geta valið úr fjórum vegalengdum: maraboni, hálfmaraboni, 10 km og 3 km.

Enn er hægt að skrá sig en það stefnir í mjög góða þátttöku sem gerir þetta auðvitað miklu skemmtilegra hlaup í þessu einstaka umhverfi.

Skemmtileg vorgleði leikskólans

Síðasta mánudag var hin árlega vorhátíð leikskólans. Þar voru elstu nemendur leikskólans útskrifaðir en þeir hefja svo grunnskólagöngu í haust. Nemendur tóku lagið, gátu farið á hestbak og svo var grillað. Að vanda var vel mætt á vorhátíðina og tilhlökkun fyrir sumarið.



Frá vorhátíð leikskólans Yls.

Stefna um málefni sveitarfélaga – Sendum inn umsögn

Í samráðsgátt stjórnvalda hefur verið birt Grænbók, stefna um málefni sveitarfélaga. Sveitarstjórn samþykkti að senda inn umsögn enda er hér um stefnumótandi skjal að ræða sem skiptir miklu um framþróun sveitarstjórnarstigins.

Íbúar í Skútustaðahreppi eru hvattir til þess að senda inn umsögn um Grænbókina inn í Samráðsgátt stjórnvalda eða með því að senda ábendingar á thorsteinn@skutustadahreppur.is sem sveitarstjórn getur þá nýtt sér í sína umsögn.

Sumarið 2018 var með lögum nr. 53/2018 bætt við sveitarstjórnarlög, nr. 138/2011, ákvæðum um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Samkvæmt þeim skal ráðherra sveitarstjórnarmála leggja að minnsta kosti á þriggja ára fresti fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni

sveitarfélaga til fimmtán ára í senn. Í áætluninni skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fimm ára á þessu sviði. Um er að ræða nýmæli sem er hliðstætt annarri áætlanagerð á verksviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Meginmarkmið stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga er að draga saman meginþætti langtímastefnumörkunar ríkisins í þeim málaflokkum sem snúa að verkefnum sveitarfélaga. Þannig verði stuðlað að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga á þeim sviðum með heildarhagsmuni sveitarstjórnarstigsins að leiðarljósi. Jafnframt að setja fram leiðarljós um hvert stefna skuli í málefnum sveitarstjórnarstigsins með eflingu þess og sjálfbærni að markmiði. Umsagnarfrestur er til 3. júní n.k.



Boðið var upp á grillveislu í Jarðböðunum eftir plokkið og margir nýttu sér tækifærið og skelltu sér í lónið.

Hreinsunardagurinn tókst frábærlega

Hin árlegi hreinsunardagur, eða stóri plokkgdagurinn eins og hann nefndist í ár, var haldinn í gær. Frábær mæting var um alla Mývatnssveit og var gaman að sjá hversu fjölbjóðleg sveit mætti til plokkgstarfa í ár. Þessi árlega hreinsun á sér áratuga hefð og er talið að hún hafi byrjað á sjöunda áratug síðustu aldar og jafnvel fyrr. Eftir að búið var að taka til hendinni var svo boðið upp á grillveislu í Jarðböðunum og þátttakendum boðið í lónið sem var afskaplega vel þegið. Fjoregg og Skútustaðahreppur sáu um hreinsunardaginn að þessu sinni. Jarðböðunum og Kjörbúðinni er þakkaður góður stuðningur við þetta flotta verkefni.



Hópurinn sem mætti við Dyngjuna fær leiðbeiningar frá Jóhönnu formanni Mývetnings.

Fróðlegur íbúafundur viðbragðsaðila

Í síðustu viku var íbúafundur í Skjólbrekku um málefni og verkefni viðbragðsaðila. Fundurinn var ákaflega fróðlegur en þar var kynning á málefnum slökkviliðs, sjúkraflutninga, lögreglu, almannavarna og náttúruvöktunar. Farið var yfir hvernig staðið er að viðbragði og vöktun í Mývatnssveit og nágrenni. Einnig voru almennar umræður í lokin þar sem þeir sem fluttu framsögur svöruðu spurningum íbúa.



Fulltrúar viðbragðsaðila eftir fundinn í Skjólbrekku. Frá vinstri: Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri, Kristján Kristjánsson yfirlögregluþjónn, Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri, Kristín Jónsdóttir hópstjóri hjá Veðurstofu Íslands, Eysteinn Kristjánsson sjúkraflutningamaður hjá HSN og Þorsteinn sveitarstjóri sem var fundarstjóri.

Síðasta sundferð vorannar

Skútustaðahreppur býður upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Síðasta rútuferð á þessari önn er á laugardaginn 25. maí n.k. Fyrirkomulagið er eftirfarandi: Farið er frá hreppsskrifstofu kl. 10.00 laugardaginn 25. maí n.k. (athugið breytta tímasetningu). Ókeypis er í rútna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við þjóðveginn. Til að vita fjöldann

þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is – eða með því að hringja í 464 4163 á hreppsskrifstofu.



HRÓS DAGSINS...

Fær Linda Björk Árnadóttir fyrir sjálfbæriverkefnið *Hvað getum við gert?* Hún kynnti það með pompi og pragt í Skjólbrekku síðasta mánudag en þangað mætti góður hópur fólks. Mikill áhugi er á

verkefninu og einróma hljómur að byrja sem fyrst. Margar sniðugar hugmyndir komu fram og verður þetta spennandi verkefni.

Bréf til foreldra og starfsfólks

Í morgun var sent út bréf á foreldra og starfsfólk leikskólans og starfsfólk grunnskólans vegna stækkunar á leikskólanum í sumar. Þar sagði m.a.:
Í ljósi þeirra framkvæmda sem framundan eru við stækkun leikskólans hefur verið leitað lausna við að raska sem minnst starfsemi leikskólans á framkvæmdatímanum en það er auðvitað óhjákvæmilegt. Viðbyggingin á að vera tilbúin 14. október n.k. en að sjálfsögðu getur það dregist en við vonum það besta. Ljóst er að breytingarnar munu reyna mikið á starfsfólk leikskólans og grunnskólans og auðvitað börnin sem þurfa á öllum okkar stuðningi að halda. Eftir samráð leikskólustjóra, skólustjóra, sveitarstjóra, starfsfólk leikskólans og grunnskólans, forstöðumann íþróttamiðstöðvar, verktaka, verkeftirlit o.fl. er lagt upp með eftirfarandi:

- Leikskólinn flytur alfarið í grunnskólann í vikunni 3.-7. júní n.k., þ.e. þegar grunnskóla er lokið. Vonast er eftir aðstoð foreldra við flutningana þegar þar að kemur ☺
- Leikskólinn verður með stofuna sína áfram í skólanum ásamt sólstofunni (frístund), bókasafninu og nýtir þau rými sem gefast. Inngangur verður að sunnan (kennarainngangurinn). Nánari upplýsingar sendar út þegar nær dregur. Í lok júní kemur hollenskur skólahópur sem verður í skólanum líkt og vanalega en slíkt hefur ekki áhrif á starfsemi leikskólans þá daga sem hópurinn verður hér.
- Leikskólinn verður inni í grunnskólanum þangað til í lok ágúst þegar grunnskólinn er farinn af stað. Um það leyti á

fyrsta stofan að vera tilbúin í leikskólanum (þar sem gamla smíðastofan var) eftir breytingar/stækkun og flyst þá ein deildin þangað. Svo gæti farið að önnur deild verði á þessum tímapunkti (í lok ágúst) flutt í aðstöðu eldri borgara í íþróttahúsinu en það verður eiginlega að skýrast í lok ágúst eða byrjun september þegar við sjáum hvernig gengur með framkvæmdina.

• *Börnin hafa þannig aðgang að leikskólalóðinni og ef veðrið er gott verður það nýtt til útiveru. Með þessu er líka áfram gott aðgengi að eldhúsinu. Að sjálfsögðu er þetta ekki óskastaða fyrir neinn. En afar mikilvægt er að við getum átt gott samstarf við ykkur kærur foreldrar meðan á þessum breytingum stendur en þær eru fyrst og fremst gerðar til þess að bæta aðstöðu bæði starfsfólks og nemenda til framtíðar. Ef þið hafið frekari spurningar, hikið þá ekki við að hafa samband. Við munum einnig senda ykkur nánari upplýsingar þegar nær dregur.*

Þeir foreldrar sem vilja setja börnin sín í frí á framkvæmdatímanum, þ.e. að lágmarki 2 vikur, geta samið um það án þess að greiða fyrir fríið og kemur það ekki niður á annarri frítöku.

Hreyfivikan hefst á föstudaginn

Hin árlega hreyfivika hefst á föstudaginn og stendur í viku. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá alla vikuna fyrir alla fjölskylduna með fjölskylduratleikjum, hjólaferð, göngum, zumba, tabata o.fl. Mývetningur hvetur alla til að taka þátt en ókeypis aðgangur er í alla viðburðina. Sjá nánar á facebooksíðu Mývetnings og í Húsöndinni.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanfögnu m.a. í framkvæmdastjórn HNP, skipulagsnefnd, stjórn Samtaka orkusveitarfélaga, í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, með fastanefndum sveitarfélagsins, þ.e. umhverfisnefnd og velferðar- og menningarmálanefnd svo eitthvað sé nefnt. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri